Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

# SKRG3UÁ02

**Umhirða 2**

| Kennari: | **Ágústa Erlingsdóttir (agustae@fsu.is) og Baldur Gunnlaugsson** |
|---|---|

## Áfangalýsing:

Fjallað er um mat á ástandi, útliti og umhirðuþörf einstakra svæða s.s. einkagarða, opinna svæða, kirkjugarða og leiksvæða. Einnig er farið ítarlega í gerð umhirðustaðla og hvernig unnið skal eftir þeim.

## Undanfari: Umhirða 1

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Uppsetningu umhirðustaðla og hvernig lesið er úr þeim.
- Yfirlagsefnum, notkun þeirra og útlagningu.
- Heildarskipulagningu og mati á umhirðu einkagarða, opinna svæða, kirkjugarða og leiksvæða.
- Heildarmati á ástandi og umhirðuþörf á grænum og gráum svæðum.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meta umhirðuþörf einstakra svæða.
- Setja upp umhirðuáætlanir og vinna eftir þeim.
- Leggja út mismunandi tegundir yfirlagsefna.
- Setja fram niðurstöður mats á ástandi og umhirðuþörf á grænum og gráum svæðum

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta umhirðuþörf einstakra einkagarða, opinna svæða, leiksvæða og kirkjugarða og útbúa umhirðuáætlun fyrir svæðið auk þess að geta unnið eftir áætluninni sem metið er með kynningum, rökræðum, rökstuðningi, frágangi og samskiptahæfni.
- Meta vatnsþörf gróðurs á afmörkuðum svæðum og bregðast við á viðeigandi hátt, sem metið er með rökstuðningi, rökræðum, frágangi og samskiptahæfni.
- Velja yfirlagsefni sem hentar aðstæðum og nota viðurkenndar aðferðir við útlagningu þeirra, sem metið er með rökstuðningi, verklagi og frágangi.
- Standa að heildarmati á ástandi og umhirðuþörf grænna og grárra svæða og koma niðurstöðum sínum á framfæri bæði skriflega og munnlega sem metið er með frágangi, rökræðum, kynningum, fyrirlestrum og jafningjamati

**Námsefni:**

Skrúðgarðyrkja, alhliða kennslubók í skrúðgarðyrkju eftir Ágústu Erlingsdóttur og Kára Aðalsteinsson. Bókin færst á skrifstofu skólans á Reykjum.
Ljósrit og annað efni frá kennara.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun eftir aðstæðum

| Dags. | Efni | Fjöldi kennslustunda | B/V | Kennari |
|---|---|---|---|---|
| **9. jan** | Kynning á áfanganum og þeim verkefnum sem lögð verða fyrir á önninni. | 2 | B | ÁE |
| 16. jan | Fyrirlestur um framkvæmd mats á útisvæðum og ráðleggingar til garðeigenda.<br><br>Kynning á minna verkefni áfangans | 4 | B | ÁE |
| 23. jan | Umhirðuviðmið og staðlar. Hvernig verða þessi gögn til og hvernig eru þau notuð. Baldur mætir á Reyki svo þeir sem geta mega gjarnan mæta í stofu. | 4 | B | BG |
| 30. jan. | Kynning á stærra verkefni áfangans. | 4 | B | ÁE |
| 6. feb | Skoðunarferð að skoða viðfangsefni aðal verkefnis áfangans. | 4 | V | ÁE |
| 13. feb | Fyrirlestur um áætlanagerð og uppsetningu umhirðuáætlana | 4 | B | ÁE |
| 20. feb | Verkefnavinna | 4 | B | ÁE |
| 27. feb | Verkefnavinna | 4 | B | ÁE |

**Námsmat:**

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Matsskýrsla | Mat á gróðursvæði á Reykjum | 30% |
| Umhirðuáætlun | Samsett umhirðuáætlun fyrir almenningsgarð | 70% |
| Samtals | | 100% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 8. Janúar 2024